

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 8. tbl. 12. árgangur 20. september 2018

Ráðstefna á Akureyri um læsi í skapandi skólastarfi.

Rúmlega 300 kennarar og annað skólafólk sat ráðstefnuna *Læsi í skapandi skólastarfi* sem haldin var á vegum Menntamálastofnunar og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.


Arnór Guðmundsson forstjóri Menntamálastofnunar flutti ávarp og Eliza Reid forsetafrú nýtti tæknina og setti ráðstefnuna heiman að frá sér.

Kennarar og annað fagfólk bauð upp á málstofuerindi og vinnustofur. Sérstaklega var horft til þess að umfjöllunarefni ráðstefnunnar, læsi í skapandi skólastarfi með áherslu á ritun, tjáningu og staf-ræna miðlun, hefði hagnýtt gildi fyrir þátttakendur.

Aðalfyrirlesarar voru Dr. Jackie Marsh, prófessor við Sheffield háskóla og Dr. Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Einnig kynntu Sigyn Blöndal og Sindri Bergmann dagskrárgerðarfolk á RÚV, samstarfsverkefnið SÖGUR sem Menntamálastofnun, KrakkaRÚV, SÍUNG og samtökin Sögur – samtök um barnamenningu – stóðu að.

Sjá nánar á vef Menntamálastofnunar:

<https://www.mms.is/frettir/fjolsott-radstefna-a-akureyri-um-laesi-i-skapandi-skolastarfi>




Sögustund Þjóðleikhússins í Hofi.

Í síðustu viku heimsóttu 600 leikskólabörn og kennarar þeirra Hof þar sem þau fengu tækifæri til að upplifa Sögustund Þjóðleikhússins í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar og Akureyrarbæ.

Elstu deildum allra leikskóla á Akureyri, ásamt kennurum þeirra, var boðið í heimsókn til að kynnst töfraheimi leikhússins. Það var brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sem sýndi börnunum sjö stutta leikþætti í Hömrum og kölluðu trébrúður hans og heillandi töfrabrögð fram eftirvæntingu og hlátur hinna ungu leikhúsgesta.

Það voru því kátir krakkar sem gengu út úr Hofi með kennurum sínum eftir skemmtilega og töfrandi stund í brúðleikhúsi.

Myndir augnabliksins eru frá læsistund í leikskólanum Kiðagili.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skemmtileg heimsókn í Hríseyjarskóla.

Í byrjun skólaársins komu grunnskólar Drangsness og Borgarfjarðar eystri í heimsókn í Hríseyjarskóla. Alls eru 14 nemendur í skólunum, fjórir í Borgarfirði og níu á Drangsnesi. Áður hafði verið ákveðið að fara í skólaferðalag til Grímseyjar en vegna óhagstæðrar veðurspár var ákveðið að fara til Hríseyjar. Þessir tveir skólar hafa verið í tölverðu samstarfi síðustu ár. Mjög vel fór á með nemendum skólanna þriggja og greinilega mikill samhljómur á milli nemenda í þessum fámennu skólum. Nokkur samskipti hafa verið á milli skólastjóra fámennra skóla síðustu misserin. Nemendur Hríseyjarskóla kynntu skólann og eyjuna fyrir gestunum, síðan borðuðu allir saman og enduðu daginn á sameiginlegri kvöldvöku. Gestirnir héldu svo heim á leið morguninn eftir og nemendur Hríseyjarskóla voru þeim samferða í ferjunni því þau voru á leið í siglingu með Húna. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi því það er mjög mikilvægt fyrir nemendur í fámennum skólum að geta borið sig saman við aðra í sömu aðstæðum en þurfa ekki alltaf að bera sig saman við stóru skólana því mikill munur er á því að vera í samkenndu með breiðan aldur eða bekkjakerfi með eingöngu jafnöldrum sínum. Sennilega meta nemendur betur það sem þeir hafa þegar þeir átta sig á því að það eru fleiri í sömu aðstæðum þarna úti.



Menntabúðir Eymennt.

Fyrstu Menntabúðir vetrarins voru í grunnskólanum í Fjallabyggð í vikunni. Menntabúðir eru jafningjafraeðsla og stuðningur þar sem komið er saman og þeir þátttakendur sem það vilja geta deilt eigin þekkingu og reynslu í óformlegu umhverfi. Menntabúðir eru frábær leið til að stuðla að auknu upplýsingaflæði meðal kennara, tengslamyndun og starfsþróun.

Nokkrir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu mynduðu með sér lærdómssamfélag um notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi.

Samstarfið spratt út frá námskeiðinu Samspil 2015 þar sem fulltrúar skóla af öllum skólastigum hittast og læra saman á tæknina. Fjórir skólar í Eyjafirði ákváðu að halda því samstarfi áfram. Ákveðið var að efna til menntabúða í Brekkuskóla á Akureyri þar sem hugmyndin var forprófuð en síðan sótti hópurinn um styrk úr endurmenntunarsjóði til að halda verkefninu áfram. Öðrum skólum í nágrenninu var síðan boðin þátttaka. Til að byrja með mættu 20-30 kennarar en fjöldinn hefur síðan farið stigvaxandi. Í menntabúðunum hafa kennarar, nemendur og stjórnendur kynnt hugbúnað og tækni sem þeir hafa verið að prófa sig áfram með í kennslu, við stjórnun skóla og í námi sínu.

Verkefnið hefur lyklatríði lærdómssamfélags að leiðarljósi.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- Miðla þekkingu og reynslu á notkun UST í skólastarfi milli skóla á svæðinu og læra hvert af öðru.
- Skapa samstarfsvettvang um málefni UST í skólastarfi.
- Styðja við kennara og skapa aðstæður til að miðla af þekkingu og reynslu til annarra kennara og skólastjórna.
- Fá utanaðkomandi aðila sem hafa reynslu og þekkingu í UST til að koma með kynningu á nýjungum í UST í skólastarfi sem lærdómssamfélagið kemur sér saman um að vilja fá sérstaka kynningu á.
- Styðja við og styrkja lærdómssamfélagið sem þegar hefur myndast.
- Festa lærdómssamfélagið um UST á Eyjafjarðarsvæðinu í sessi.

Hér má sjá dagskrá Menntabúðanna í vetur. Nánar má lesa um þetta verkefni á Facebooksíðu Menntabúðanna. <https://www.facebook.com/groups/698831406952660/>

